

Aðalfundur Hverfaráðs Önundarfjarðar haldinn í Samkomuhúsinu á Flateyri miðvikudaginn
24. september 2025 kl 17:00

Dagskrá

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Kjör stjórnar
- Venjuleg aðalfundarstörf
- Önnur mál

Fundur settur kl 17:00

Steinunn Ása kosin sem fundarstjóri og Hrefna Erlinda kosin sem ritari.
Ákveðið er að taka fyrir skýrslu stjórnar á undan kjör stjórnar - engin mótmæli gagnvart því.

Tekið er fyrir skýrsla stjórnar 2024-2025 - núverandi formaður, Sunna kynnir.

Skýrsla stjórnar verður sett á netið fyrir fólk til að lesa.

Spurningar varðandi skýrslu stjórnar:

Í sambandi við staðaraugað - er rétt að það sé komið á Þingeyri?

Hægt að hringja í Ívar ef þess þarf en það er ekki formlegt. En sumir virðast halda að það sé hætt við þetta - lítið um svör.

Spurt er um fundagerðir og lista sem hverfaráðið hefur gert.

Ítreka með staðarauga til að Ísafjarðarbæjar svo hægt sé að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun.

Búið er að senda fyrirspurn á forstöðumann íþróttahúsins og það voru skritin svör sem komu, enginn peningur til og annað slíkt - þetta er eitthvað sem þarf að fá nánari útskýringu á.

Kjör stjórnar - Engin sem er í núverandi stjórn bíður kost á sér.
Úlfar og Hannibal bjóða sig fram.

5 mínútna pásar

Hrefna Erlinda, Hannibal, Úlfar, Sigríður Anna og Rachel - Samþykkt með lófataki.
Guðmundur og Igor til í að vera í varastjórn - Samþykkt með lófataki.

Gefur einhver sig fram sem formaður?
Annars skiptir stjórnin með sér störfum á fyrsta stjórnarfund.

Önnur mál

Grafa upp starfsreglur fyrir Hverfaráðið.

Taka manntal af Flateyri - greiningu á íbúðarsamsetningu.
Tungumál og kynjahlutföll.

Viðburður/ minningarathöfn 26 október - Ísafjarðarbær er tilbúinn að borga.
Ívar, Sunna og Nonni í nefnd og útdeila verkefnum á aðra.

- Kveikja blysin uppá varnagörðunum.
- Falleg athöfn, presturinn með nokkur orð.
- Tónlist.

Auglýsa viðburðinn sem fyrst - nota björgunarsveitarsíðuna á Facebook?

- Hafa mögulega samverustund í Félagsheimilinu til að fagna lífinu.
- Bjóða uppá veitingar?

Leiðir til að ná til fólks annað en Facebook, ekki allir nota samfélagsmiðla.

Fundi slitið kl. 18:07.